

Auglýsing

um póst m á l.

163
25. nóv.

Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir samþykkt þessar breytingar á póstgöngunum:

1. Frá Arnarholtspóstafgreiðslu í Mýrasýslu skal ganga póstur um Rauðkollsstaði vestur á Stykkishólmi, og þegar póstur þessi er kominn að Rauðkollsstöðum, aukapóstur þaðan um Staðastað og Búðir vestur í Ólafsvík, og skal aukapóstur þessi vera kominn aptur að Rauðkollsstöðum, áður en Stykkishólmspósturinn kemur þangað aptur á suðurleið. Pósti þessum ber að fara svo snemma á stað frá Stykkishólmi, að hann geti náð Ísafjarðarpóstinum á Arnarholti.

2. Frá Stað í Hrutafirði skal ganga aukapóstur um Hjarðarholt í Laxárdal og Breiðabólstað á Skógarströnd vestur á Stykkishólmi. Hann fer frá Stað í Hrutafirði daginn eftir komu Akureyrarpóstsins þangað, tekur á Hjarðarholti við póstsendingum þeim, er komið hafa með Ísafjarðarpóstinum, en afhendir aptur sendingar þær, er eiga að fara í Dala, Barðastrandar og Ísafjarðarsýslur. Eftir 2 daga dvöl á Stykkishólmi, snýr hann aptur að Stað í Hrutafirði.

3. Póstafgreiðsla sú á Rauðkollsstöðum, er lögð hefir verið niður, skal endurreist, og skal henni lögð 50 kr. árleg þóknun

4. Aukapósturinn frá Víðimýri í Skagafirði að Hofsóss skal halda áfram göngu sinni þaðan um Fells og Holtshreppa út í Siglufjörð.

5. Aukapósturinn frá Akureyri skal eptirleiðis ekki fara lengra en að Kvíabekk í Ólafsfirði, og skal þar stofna brjefhirdingu.

6. Aðalpósturinn frá Prestbakka og austur skal ganga á Eskifjörð, en aðalpósturinn frá Akureyri og austur gengur eptirleiðis sem áður á Seyðisfjörð. Póstar þessir eiga að mætast á póstafræiðslustaðnum á Völlum (Höfða) í hverri ferð, þannig að pósturinn milli Akureyrar og Seyðisfjarðar ekki má fara frá þessum póstafræiðslustað, fyrri en pósturinn frá Eskifirði eða Prestbakka hefir afhent þar póstsendingar þær, er hann hefir haft meðferðis og eiga að fara annað hvort norður eða austur (á Seyðisfjörð), og að hinsvegar Prestbakka-Eskifjarðarpósturinn ekki má fara frá nefndri póstafræiðslu, fyrr en Akureyrar og Seyðisfjarðarpósturinn er þangað kominn.

Breytingar þessar ná gildi 1 janúar 1881.

Landshöfðinginn yfir Íslandi Reykjavík 25 nóvbr. 1880.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

Áætlun

um 3 fyrstu ferðir landpóstanna árið 1881.

164
26. nóv.

Með því að jeg enn ekki hefi meðtekið ferðaáætlun póstgufuskipanna um árið 1881, verða nú að eins ákveðnar hinar fyrstu 3 póstferðir, og skal þeim hagað líkt og 2 síðastliðin ár sjá einkum ferðaáætlunina frá 25. nóvbr. 1878 (stjórnartíðindi B. 157). Skulu því landpóstar leggja á stað frá endastöðvum aðalpóstleiðanna, eins og nú segir.

A. Aðalpósturinn milli Ísafjarðar og Reykjavíkur:

	I	II	III
frá Ísafirði	13. janúar 1881	3. marz 1881	21. apríl 1881
— Reykjavík	4. febrúar —	26. — —	8. maí —

164
26. nóv.

B. I Aðalpósturinn milli Akureyrar og Reykjavíkur:

	I	II	III
frá Akureyri	13. janúar 1881	3. marz 1881	21. apríl 1881
— Reykjavík	3. febrúar —	25. marz —	7. maí —

B. II Aðalpósturinn milli Seyðisfjarðar og Akureyrar:

	I	II	III
frá Seyðisfirði	16. janúar 1881	19. marz 1881	8. maí 1881
— Akureyri	25. febrúar —	12. apríl —	25. — —

C. I Aðalpósturinn milli Reykjavíkur og Prestbakka:

	I	II	III
frá Reykjavík	5. febrúar 1881	28. marz 1881	9. maí 1881
— Prestbakka	24. — —	13. apríl —	23. — —

C. II. Aðalpósturinn milli Prestbakka og Eskifjarðar:

	I	II	III
frá Prestbakka	20. febr. 1881	8. apríl 1881	21. maí 1881
— Eskifirði	19. marz —	8. maí —	17. júní —

Aðalpósturinn milli Akureyrar og Seyðisfjarðar má ekki fara frá póstafræðslunni í Vallnahrepp (Höfða), fyrr en aðalpósturinn milli Eskifjarðar og Prestbakka er þangað kominn. Eins má aðalpósturinn milli Prestbakka og Eskifjarðar ekki fara frá póstafræðslunni á Völlum á austurleið sinni, fyrr en Akureyrarpósturinn er kominn, og á vesturleið sinni, ekki fyrr en Seyðisfjarðarpósturinn er kominn að nefndri póstafræðslu.

Aukapóstunum skal hagað eins og hingað til með þeim breytingum, er leiðir af auglýsingu minni frá í gær, eins og nú segir.

1. Stykkishólmspósturinn fer frá Stykkishólmi:

	I	II	III
	14. janúar 1881	4. marz 1881	22. apríl 1881

og snýr hann aptur frá Arnarholti daginn eftir komu póstsins frá Reykjavík þangað.

2. Daginn eftir að pósturinn er kominn frá Arnarholti að Rauðkollsstöðum, fer aukapóstur þaðan um Staðastað og Búðir út í Ólafsvík, og snýr eftir sólarhrings dvöl þar aptur að Rauðkollsstöðum sömu leið.

3. Daginn eftir að pósturinn er kominn frá Akureyri að Stað í Hrútafirði, fer póstur þaðan um Hjarðarholt og Breiðabólstað út í Stykkishólm, og snýr eftir 2 daga dvöl þar aptur að Stað í Hrútafirði.

4. Aukapósturinn frá Víðimýri í Skagafirði heldur áfram göngu sinni frá Hofsó út í Siglufjörð, og snýr eftir sólarhrings dvöl þar aptur að Víðimýri sömu leið.

5. Aukapósturinn frá Akureyri fer daginn eftir komu sunnanpóstsins norður að Kviabekk í Ólafsfirði og snýr aptur eftir sólarhrings dvöl þar.

Landshöfðinginn yfir Íslandi Reykjavík 26. nóvbr. 1880.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.